



Aðalfundur Félags tölvunarfræðinga 27. maí 2004

Björgvin Áskelsson, formaður FT, setti fundinn kl. 20.17 og stakk upp á Bjarna Ármannssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt með lófataki.

Fundarstjóri fór yfir 8. gr. laga félagsins og lýsti því yfir að fundurinn færi fram fyrir lok maí mánaðar eins og kveðið væri á í lögum. Hins vegar reyndist enginn vera með aðalfundarboð á sér og lýsti því fundarstjóri eftir athugasemdum um hvort fyrirvari hafi verið virtur – upplýsti formaður FT að skv. pósthimppli hefði fundarboð verið sent 14 dögum fyrir aðalfund, engar aðrar athugasemdir voru gerðar og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan. Stakk fundarstjóri upp á Ingva Stígssyni sem ritara og var eigi gerð athugasemd við það.

1) Skýrsla um störf félagsins á liðnu starfsári.

Björgvin Áskelsson formaður FT, fékk orðið og flutti skýrslu um störf félagsins á liðnu starfsári. Fór hann yfir þá viðburði sem bar hæst – samlokufundi, heimsóknir, ráðstefnu og afmæli FT. Í tilefni þess að Björgvin var að stíga af stóli sem formaður fór hann yfir formannsár sín og þakkaði mönnum fyrir.

Fundarstjóri lagði til að umræður og samþykkt skýrslu formanns og reikningsskila yrðu teknar saman og voru ekki gerðar athugasemdir við það.

2) Reikningsskil

Ómar Þ. Kristinsson fór yfir reikninga félagsins sem báru undirskrift skoðunarmanna, formanns og gjaldkera FT. Ómar fór ítarlega yfir efnahagsreikning og rekstrarreikning.

Að lokinni yfirferð gjaldkera var óskað eftir spurningum – engar bárust, en einn fundarmanna hrósaði gjaldkera fyrir greinagóða yfirferð.

Fundarstjóri bar undir fundinn hvort samþykkja skyldi reikninga og skýrslu formanns og var veitt einróma samþykki fyrir þeim.

3) Fundarstjóri lýsti því yfir að engar tillögur um lagabreytingar hefðu borist.

4) Kosning stjórnar og varamanna

Formaður: Kári Harðarson og Oddur Þór Þorkelsson höfðu gefið kost á sér. Oddur dró framboð sitt til baka og lýsti fundarstjóri Kára réttkjörinn formann FT. Kári flutti smá ræðu og kynnti sig fyrir fundarmönnum.

Meðstjórnendur: Kost á sér gáfu Ari Viðar Jóhannesson, Bergþór Hauksson, Bjarney Sonja Ólafsdóttir, Ingvi Stígsson, Margrét Dóra Ragnarsdóttir, Ólafur Tr. Þorsteinsson, Ómar Þorvaldur Kristinsson og Stefán F. Stefánsson. Stefán dró framboð sitt til baka og var kosið á milli hinna. Kosningu hlutu Bjarney með 31 atkvæði, Ari með 30 atkvæði, Ólafur með 21 atkvæði og Ingvi með 19 atkvæði.

Varamenn: Í framboði voru Bertel Arnfinnsson, Björn Ingimundarson, Jón Ingi Þorvaldsson. Kosningu hlutu Jón (32 atkvæði) og Björn (22 atkvæði).

Framkvæmd kosninga aðal- og varamanna var í höndum skoðunarmanna FT, þeirra Ívars Gunnarssonar og Kjartans Guðmundssonar.

Þá var Björgvini Áskelssyni, fráfarandi formanni og Ómari Kristinssyni, fráfarandi gjaldkera þökkuð góð störf með lófataki fundarmanna

5) Stungið var upp á Ívari Gunnarssyni og Kjartani Guðmundssyni sem skoðunarmönnum og var það samþykkt.

6) Ákvörðun félagsgjalda. Einn uppástunga kom um 3.500 kr. félagsgjöld og var hún samþykkt eftir nokkra umræðu.

7) Önnur mál. Rætt var nokkuð um löggildingu og kynnti Oddur Þór Þorkelsson Stéttarfélag tölvunarfræðinga.

Fundarstjóri óskaði að lokum eftir því að fundarstjóra og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð og var það samþykkt. Fundi var slitið kl. 22.07.